

Frumvarp til laga

um

fasteignarskatt.

(Lagt fyrir alþingi 1913).

1. gr.

Af öllum fasteignum skal gjalda skatt í landssjóð eftir matsverði $\frac{2}{10}$ af hundraði.

Eigandi skal greiða skatt þennan, en á jörðum, sem eru í leiguábúð, þegar lög þessi koma til framkvæmda getur eigandi krafist endurgjalds á $\frac{1}{3}$ skattsins af leigjanda þar til nýr samningur er gerður.

2. gr.

Eignir þær, sem skatturinn hvílir á, eru:

- a. Jarðeignir, hvort heldur bændaeignir eða þjóðeignir, eignir kirkna og prestakalla, kristfjárjarðir eða aðrar fátækraeignir, eignir sveitarfélaga og bæjarfélaga eða stofnana, hverju nafni sem nefnast.
- b. Húseignir með lóðum í kaupstöðum og verslunarstöðum, svo og önnur hús og lóðir, sem ekki eru metin með jörð t. d. þurrabúðir og grasbýli.
- c. Óbygðar lóðir í kaupstöðum og verslunarstöðum, svo og aðrar óbygðar lóðir og lendur, sem eru fráskildar jarðeignum og eigi hafðar til ábúðarnota. Ennfremur sjerskilin jarðarítök og hlunnindi, svo sem námur, varplönd, veiðiár, fossar, rekarjettindi o. fl.

Undanþegin skattinum eru hús þau og lóðir, ítök og hlunnindi, sem eru þjóðeign eða til almenningsþarfa, svo sem kirkjur, skólar, sjúkrahús o. fl. Ennfremur eru undanþegnar fasteignarskatti húseignir og lóðir, ítök og hlunnindi, ef þetta nemur eigi alls 300 króna virði í eigu sama manns. Verði ágreiningur um, hvort eign sje undanþegin skatti, sker stjórnarráðið úr. Ef þeir, sem hlut eiga að máli, vilja ekki hlíta þeim úrskurði, er þeim heimilt að leggja málið undir úrslit dómstólanna.

3. gr.

Á jarðeignir leggst skatturinn eftir gildandi jarðamati. Á húseignir og lóðir, ítök og hlunnindi skal hann lagður eftir virðingu skattanefndar; sje hús og lóð ekki sameign, skal það virt hvort í sínu lagi. Öll nánari ákvæði um virðingu húsa og lóða, ítaka og hlunninda skulu sett í reglugerð, er stjórnarráðið semur.

Ef fasteign, sem metin hefir verið í einu lagi, skiftist í fleiri parta, og eigendur æskja þess, að hver hluti sje skoðaður sem sjálfstæð eign og talinn sjerstaklega til skattgjalds, skulu þeir bera sig upp um það við lögreglustjóra, en hann leggur málið undir úrskurð stjórnarráðsins.

4. gr.

Fasteignarskatt skal eigandi og umráðamaður greiða í því lögsagnarumdæmi, þar sem eignin liggur. Ef eigandi eða umráðamaður er þar ekki heimilisfastur, skal hann hafa þar umboðsmann til að standa skil á skattinum.

5. gr.

Fasteignarskattur skal í tvö ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum veðkröfum í eignum þeim, er hann hvílir á.

6. gr.

Skatt þenna skulu sýslumenn og bæjarfógetar innheimta á manntalsþingum ár hvert, í fyrsta skifti árið 1915.

7. gr.

Heimilt er með ákvæði í fjárlögunum að hækka og lækka fasteignarskatt fyrir eitt fjárhagstímabil í senn.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er komið frá skattamálanefndinni, sem skipuð var árið 1907, og vísast til ástæðanna fyrir því í álitni nefndarinnar. Á frumvarpi nefndarinnar hefir stjórnin gert tvær breytingar. Önnur er við 1. gr. um, að á jörðum, sem eru í leiguábúð þegar lögin koma til framkvæmda, geti eigandi krafist endurgjalds á $\frac{1}{3}$ skattsins af leigjanda, þar til nýr leigusamningur er gerður, í stað þess að eftir nefndarfrumvarpinu átti hann að geta krafist endurgjalds á öllum skattinum af leiguliða. Þetta ákvæði hefir nefndin sett með tilliti til þess, að ábúandi geti sagt upp, ef hann vill ekki borga skattinn, en það virðist nokkuð hart, ef skatturinn á ekki að rjettu lagi að hvíla á honum. Önnur ástæða nefndarinnar fyrir þessu ákvæði er sú, að skatturinn komi í staðinn fyrir ábúðarskattinn, sem greiðist af ábúanda, en þetta virðist ekki rjett, því að ábúðarskatturinn átti jafnframt lausafjárskattinum að vera tekjuskattur af landbúnaði, en á þær tekjur á að leggjast tekjuskattur jafnhár sem á aðrar tekjur. Það er því tekjuskatturinn, sem kemur bæði í staðinn fyrir ábúðar- og lausafjárskattinn. Það er mjög hætt við, að fasteignarskatturinn komi að allmiklu leyti til þess að hvíla á leigjendunum, að minsta kosti í kaupstöðunum. Þó verða líklega eigendurnir að bera nokkuð af skattinum sjálfir, að minsta kosti það sem svarar til verðs lóðanna. Aftur á móti er nokkuð vafasamara, hvort jarðeigendur muni geta velt skattinum yfir á leiguliða. Að líkindum kemur skatturinn víðast til að hvíla á báðum pörtum, eiganda og leigjanda, en sjálfsagt töluvert mismunandi á ýmsum stöðum. Fyrir því virðist rjettast að skifta skattinum á milli eiganda og leiguliða á jörðum þeim, sem eru í leiguábúð þegar lögin ganga í gildi, og með tilliti til þess, að eignartekjur þola að öðru jöfnu hærri skattálögu en aðrar tekjur, eru hjer $\frac{2}{3}$ skattsins lagðir á eiganda, en $\frac{1}{3}$ á leigjanda. Til samanburðar skal þess getið, að í dönsku lögunum frá 1903 um fasteignarskatt, sem eru með líku sniði,

sem skattur sá, er hjer um ræðir, eru í líkum tilfellum $\frac{3}{6}$ skattsins lagðir á eiganda, en $\frac{2}{6}$ á leiguliða, og er þar þó sjerstakur eignarskattur auk tekjuskatts og fasteignarskatts.

Á 2. gr. hefir sú breyting verið gerð, að lágmark skattsins af húseignum og lóðum, ítökum og hlunnindum hefir verið hækkað úr 100 kr. upp í 300 kr. Þetta hefir mjög litla fjárhagslega þýðingu, en minsta skattupphæð verður þá 60 au. í stað þess að hún var 20 au. samkvæmt nefndarfrumvarpinu, en það tekur því varla að innheimta svo smáar skattupphæðir, því að það munar svo lítið um þær, en innheimtan getur samt orðið erfiðleikum bundin.

Samkvæmt 6. gr. á fyrst að innheimta skattinn árið 1915, því að fyrst verður að virða allar jarðeignir og húseignir á landinu, en þeim virðingum getur eigi orðið fyllilega lokið fyr en haustið 1915.
